

HÉRAÐSBÓKASAFN AUSTUR- HÚNAVATNSSÝSLU

Fundur í stjórn Héraðsbókasafnsins haldinn þann 3. september 2008.

Mættir eru undirritaðir.

Dagskrá.

- 1) Ráðning forstöðumanns
- 2) Reikningar 2007
- 3) Árgjald 2008
- 4) Opnunartími vetrarins
- 5) Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Tvær umsóknir bárust um starf forstöðumann Héraðsbókasafnsins. Annar umsækjandi um starfið var Katharina A. Schneider sem starfað hefur við safnið frá því í október 2007. Stjórn ákvað að ganga til samninga við hana um 75% starf.
2. Endurskoðaðir reikningar lágu fyrir. Niðurstöðutölur voru:

Tekjur	kr. 5.449.000
Gjöld	kr. 6.170.113 sem gerir
Rekstarhalli	kr. 721.113

Helstu skýringar á rekstarhalla er vegna hærri launakostnaði vegna veikinda forstöðumanns. Reikningar bornir upp og samþykktir.
3. Árgjald hefur verið óbreytt frá árinu 2000 kr. 1500. Ákveðið var að hækka árgjaldið á kr. 2000.
4. Ákveðið var að auka opnunartímann um 1 dag í viku. Opnunartímar verða: mánudagar kl. 14-18, miðvikudagar kl. 16-20 og fimmtudagar kl. 14-18. Samtals 12 tímar á viku.
5. Önnur mál. Nokkrar umræður urðu um nauðsyn þess að tölvuskra (skrá safnsins) bókakost safnsins. Auðsýnt er að stefnt verður að því í nánustu framtíð. Opnunartímar verða auglýstir í Glugganum og á huni.is.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Gréta Björnsdóttir

Hlíf Sigurðardóttir

Stefanía A. Garðarsdóttir

Katharina A. Schneider